

213.fundur - 15.september 2003

213. fundur hreppsnefndar Reykhólahrepps (endurrit fundargerðar),  
haldinn 15. september 2003

Fundurinn hófst kl. 15:00. Til hans var boðað með eftirfarandi dagskrá:

1. Fundargerðir Félagsmála- og jafnréttisnefndar frá 25. ágúst og 1. september 2003
2. Fundargerð Skipulags-, bygginga- og hafnarnefndar frá 4. september 2003
3. Fundargerð Mennta- og menningarmálanefndar frá 11. september 2003 (dreift á fundinum)
4. Vatnsveitulögn út í Karlsey
5. Tveir samningar um skólakstur skólaárin 2003-2005.
6. Fundur á Ísafirði 14. september um "línuívilnun", bréf frá formanni Eldingar
7. Athugasemdir við drög að tillögu að matsáætlun fyrir mat á umhverfisáhrifum: Vestfjarðavegur nr. 60: Þórisstaðir-Eyrará, annars vegar frá starfsmannafélagi Landhelgisgæslunnar og hins vegar frá sumarhúsa eigendum í Djúpafirði
8. Bréf frá Fjárlaganefnd Alþingis (tilkynning)
9. Fjármálaráðstefna sveitarfélaga 2003 (tilkynning)
10. Endurskoðuð áætlun um úthlutun útgjaldajöfnunarframlaga árið 2003, bréf frá Jöfnunarsjóði
11. GSM-samband á landsbyggðinni, bréf frá Samgönguráðuneyti ásamt greinargerð Póst- og fjarskiptastofnunar
12. Brunavarnir í Flatey á Breiðafirði, skýrsla eftirlitsmanns Brunamálastofnunar
13. Skólalóð Reykhólaskóla, bréf frá foreldraráði Reykhólaskóla (aðalfundi)
14. Umferðarmerki og lýsing á Reykhólum, bréf frá Gísla Eiríkssyni hjá Vegagerðinni á Ísafirði
15. Greinargerð um viðhald og endurbætur á fasteignum í eigu hreppsins sumarið 2003 (Barmahlíð-hjúkrunarheimili, Barmahlíð félagslegar íbúðir, Hellisbraut 38, Jenshús, flutningur tónlistarskóla)
16. Ágóðahlutagreiðsla 2003 EBÍ (tilkynning)
17. Önnur mál

Mættir allir aðalmenn nema Bjarki Stefán Jónsson. Í hans stað mætir Guðmundur Ólafsson.

Önnur mál (frá Agli Sigurgeirssyni):

- a) Hreinsun á rotþrómm
- b) Framkvæmdir í Barmahlíð
- c) Bygging íþróttahúss

Þetta gerðist:

- 1) Fundargerðir Félagsmála- og jafnréttisnefndar frá 25. ágúst og 1. september 2003. Samþykktar.
- 2) Fundargerð Skipulags-, bygginga- og hafnarnefndar frá 4. september 2003. Samþykkt.
- 3) Fundargerð Mennta- og menningarmálanefndar frá 11. september 2003. Samþykkt. Samþykktir 6 sérkennslutímar sbr. 10. lið fundargerðar.
- 4) Vatnsveitulögn út í Karlsey. Fyrir liggur leyfi Vegagerðarinnar til þessarar framkvæmdar. Enn fremur tvö tilboð í efni frá Reykjalandi og fyrirtækinu SET ehf. Sveitarstjóri lagði til að verkið yrði boðið út í febrúar á næsta ári. Agli og Gústafi yrði falið að finna út hagstæðustu efniskaupin. Samþykkt.
- 5) Samningar um skólaakstur. Samþykktir að öðru leyti en því að setningin "Heimilt er þó að miða við vísitölu hópferðabíla ef ástæða þykir til" falli niður í 2.gr. Hreppsnefndin leggur áherzlu á að skólabílar séu útbúnir með NMT-síma með útiloftneti þannig að fjarskiptasamband sé eins gott og hugsast getur.
- 6) Fundur á Ísafirði um línuívilnun (tilkynning)
- 7) Afrit af athugasemdum við drög að tillögu að matsáætlun fyrir mat á umhverfisáhrifum Vestfjarðavegar nr. 60. Annars vegar frá Starfsmannafélagi Landhelgisgæslunnar og hins vegar frá sumarhúsa eigendum í Djúpafirði (tilkynning).
- 8) Bréf frá Fjárlaganefnd Alþingis (tilkynning). Samþykkt að sveitarstjóri fari á fund nefndarinnar.
- 9) Fjármálaráðstefna sveitarfélaga (tilkynning)
- 10) Endurskoðuð áætlun um úthlutun útgjaldajöfnunarframlaga árið 2000, bréf frá Jöfnunarsjóði (tilkynning)

- 11) GSM-samband á landsbyggðinni, bréf frá Samgönguráðuneyti ásamt greinargerð Póst- og fjarskiptastofnunar. Sveitarstjóra falið að svara bréfinu.
- 12) Brunavarnir í Flatey á Breiðafirði; skýrsla eftirlitsmanns Brunamálastofnunar. Sveitarstjóri lagði enn fremur fram skýrslu slökkviliðsstjóra Reykhólahrepps um sama efni. Vísað til almannavarnanefndar.
- 13) Skólalóð Reykhólaskóla, bréf frá foreldraráði Reykhólaskóla. Sveitarstjóra greindi frá því að framundan væri heimsókn landslagsarkitekta í yfirstandandi viku sem hefðu verið ráðnir til þess að hanna lóðina. Í bréfinu er óskað eftir að framkvæmdum við lóðina verði hraðað. Samþykkt að bjóða fulltrúum foreldraráðs að hitta arkitektana. Óskað er eftir tillögum frá foreldrum um hvaða leiktæki skuli kaupa og hvar staðsetja skuli þau.
- 14) Umferðarmerki og lýsing á Reykhólum; bréf frá Gísla Eiríkssyni hjá Vegagerðinni á Ísafirði. Rætt um hámarkshraða á Reykhólum. Vegagerðin ætlar að setja upp þéttbýlismerki neðan við Suðurbraut, viðvörunarrendur báðum megin við mesta þéttbýlið og bæta lýsingu á kaflanum Suðurbraut-Hellisbraut. Egill lagði til að sett yrðu upp þrjú skilti með 35 km hámarkshraða, þannig að mesta þéttbýlið á Reykhólum yrði varið fyrir hraðakstri á þann hátt. Gústaf vildi enn fremur hraðahindranir beggja vegna þéttbýlisins. Sveitarstjóra og Gústafi Jökli falið að senda beiðni til Vegagerðarinnar.
- 15) Greinargerð um viðhald og endurbætur á fasteignum í eigu hreppsins. Sveitarstjóri lagði fram ýmis gögn.
- 16) Ágóðahlutagreiðsla 2003 EBÍ (tilkynning).

Önnur mál:

- a) Hreinsun rotþróa, seyrulosun. Útbúa þarf seyrulosunarstaði.
- b) Framkvæmdir í Barmahlíð. Egill lagði til að hafizt yrði handa strax við innréttingar á stöku herbergi á efri hæð, norðan lyftu. Samþykkt.
- c) Íþróttahús. Lagt var fram bréf frá Grant Thornton endurskoðun ehf sem felur í sér mat á fjárhagslegri getu Reykhólahrepps til byggingar nýs íþróttahúss. Niðurstaðan er sú að líklegar afleiðingar þess að ráðizt verði í slíka byggingu séu þær að greiðslustaða sveitarfélagsins muni versna nema til komi nýjar lántökur til langs tíma.

Fleira gerðist ekki. Fundi slitið kl. 20:00

Egill Sigurgeirsson  
Málfríður Vilbergsdóttir  
Gústaf Jökull Ólafsson  
Þórður Jónsson  
Guðmundur Ólafsson  
Einar Örn Thorlacius (ritar)